

Glóru, 11.5.2026

Sveitarstjórn Flóahrepps

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Sleipnis við ég benda sveitarstjórn á þörf fyrir fjármögnun á reiðleið sem nauðsynlegt verður að byggja upp í kjölfarið á því að Vegagerðin leggi bundið slitlag á Öundurholtsveg á milli Gaulverjabæjarvegur og Villingaholtsvegur.

Fjárförf liggur ekki nákvæmlega fyrir á þessari stundu en mun meðal annars ráðast af því hvernig Vegagerðin skilar af sér, en samkvæmt þeirra orðum skila þeir veginum með „færum reiðslóða“. Leitað verður eftir nánari útskýringu á því hugtaki.

Um töluverða fjárhæð verður að ræða þar sem leiðin er í heild um 5 km. og „þumalputtaregla“ er að nýr reiðvegur með burðarlagi og yfirborðslagi, geti kostað cirka 4-6 þúsund hver metri. Vissulega ræðst þessi kostnaðu af mörgum þáttum, s.s. landinu sem vegur er lagður um, vegalegnd í efni ofl. ofl.

Um leið og við þökkum fyrir árlegt framlag sveitarfélagsins til uppbyggingar og viðhalds reiðvega í Flóahreppi leggjum við til að málefnið verði tekið upp á sameiginlegum fundi fulltrúa Flóahrepps og Hestamannafélagsins Sleipnis svo fljótt sem frekari forsendur liggja fyrir.

Með bestu kveðju

Hrafnkell Guðnason